



# Starfsábyrgðartrygging byggingarstjóra

Skilmáli SA-4

Byggingarstjórum er skylt að kaupa og viðhalda starfsábyrgðartryggingu samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010. Starfsábyrgðartrygging byggingastjóra hefur þann tilgang að bæta almennt fjártjón sem getur komið upp vegna byggingaframkvæmda sem hann tekur að sér að stýra.

Tryggingin er gefin út samkvæmt 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010 og reglugerð um starfsábyrgðartryggingar hönnuða og byggingarstjóra. nr. 271/2014.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framur ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

Í skilmálanum merkir hugtakið „félagið“ Vörður tryggingar hf.

## 1. Kafli. Bótasvið

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggt er gegn bótaskyldu, er fellur á váttryggðan sem byggingarstjóra, þegar eigandi mannvirkis verður fyrir almennu fjártjóni, vegna skaðabótaskyldu sem fellur á váttryggðan og vegna vanrækslu byggingarstjóra á skyldum sínum, skv. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar, sem rakín verður til:

- ásetnings váttryggðs eða starfsmanns hans.
- ábyrgðar sem váttryggður tekur á sig og er víðtækari en lögmælt bótaskylda hans sem byggingarstjóra.
- sekta eða annarra viðurlaga, sem falla á váttryggðan eða þriðja mann.
- slyss á manni, annars líkamstjóns eða skemmda á munum.
- starfsemi váttryggðs utan Íslands eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir íslenskum reglum um skaðabótgrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.

## 2. Kafli. Almenn ákvæði

### 3. gr. Hver er váttryggður?

Váttryggður er byggingarstjóri sá sem tiltekinn er á váttryggingarskírteini.

### 4. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi.

### 5. gr. Váttryggt verk

Váttryggt verk er það sem tilgreint er á váttryggingarskírteini.

### 6. gr. Iðgjaldagrundvöllur

Við töku tryggingar er tilgreindur áætlaður byggingakostnaður, sem er grundvöllur iðgjaldaútreiknings. Fari byggingarkostnaður yfir áætlaðan kostnað skal leiðrétta iðgjald í samræmi við það. Það sama á við ef kostnaður er undir áætlun.

**7. gr. Vátryggingarfjárhæð**

Vátryggingarfjárhæðir í hverju tjonstilviki og á hverju vátryggingartímabili eru tilteknar á vátryggingarskirteini. Fjárhæðir þessar breytast eftir vísitölu, sbr. 16. gr. skilmálans.

Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að vátryggður stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr vátryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti, sem vátryggður er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu, sem vátryggingin tekur til.

Sé vátryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur, er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar, er svarar til bótafjárhæðar þeirrar, sem því ber að greiða.

**8. gr. Verklok**

Verk telst lokið þegar staðfesting um lokaúttekt berst til félagsins frá viðkomandi byggingarfulltrúa. Ef staðfesting um lokaúttekt hefur ekki borist fyrir áætluð verklok endurnýjast tryggingin um eitt ár í senn.

**9. gr. Eigin áhætta**

Af hverju tjóni bera vátryggingartaki og vátryggður óskipta ábyrgð (in solidum) á greiðslu eigin áhættu eins og getið er í vátryggingarskirteini. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 16. gr. skilmálans. Eigin áhætta vátryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu eiganda mannvirkis.

**10. gr. Uppsagnarréttur**

Falli vátrygging niður án þess að önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin, ber félaginu að tilkynna það tryggingartaka og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Vanræksla tilkynningarskyldu þessarar hefur ekki áhrif á lok vátryggingar eða ábyrgðar skv. henni. Enda þótt vátryggingin sé úr gildi fallin, ber félagið ábyrgð gagnvart eigenda mannvirkis á tjóni, sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til 6 vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti vátryggingartaka og Húsnæðis- og mannvirkjastofnun að vátryggingin væri fallin úr gildi nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin.

**11. gr. Ábyrgðartími**

Vátryggingin tekur til ábyrgðar vegna atvika sem eiga sér stað á vátryggingartímanum og tjón hefur hlotist af. Komi afleiðingar atvika, sem tjón hefur hlotist af og gerst hafa á vátryggingartímanum, ekki í ljós fyrr en vátryggingin er fallin úr gildi, greiðir félagið samt sem áður bætur. Bætur greiðast þó ekki, ef afleiðingar koma í ljós 5 árum eftir lokaúttekt á mannvirki því, sem vátryggður annaðist byggingarstjórn á og ábyrgð hans tekur til, sbr. 8. mgr. 29. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Félagið greiðir ekki bætur fyrir tjón vegna atvika, sem verða áður en vátryggingartíminn hefst, enda þótt tjónið komi ekki í ljós fyrr en á vátryggingartímanum.

**12. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu**

Jafnskjött og vátryggður fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum vátryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef vátryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að vátryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkendi réttmæti kröfunnar.

Félagið kemur fram fyrir hönd hinna vátryggðu og ræður málsmeðferð allri og annast málsmeðferð fyrir dómstólum ef á reynir.

**13. gr. Aukin áhætta**

Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í vátryggingarbeiðni, eða á annan hátt, skal vátryggingartaki eða vátryggður tilkynna félaginu um þær.

**14. gr. Endurkröfuréttur**

Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur vátryggingartaka hafi félagið greitt bætur eftir að vátrygging hefur fallið niður, sbr. 10. gr. skilmálans.

**15. gr. Samsömun**

Félaginu er heimilt að bera fyrir sig að starfsmenn vátryggingartaka eða vátryggðs hafi brotið gegn ákvæðum vátryggingarinnar skv. 3. mgr. 29. gr. vsl.

**16. gr. Vísitölubreytingar**

Vátryggingarfjárhæðir skv. 4. gr. og eigin áhætta skv. 9. gr. miðast við byggingarvísitölu, grunnvísitala 596,3 stig. Skulu þær breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu.

**Skilmáli þessi gildir frá 01.01.2023**